

## *Hvað má læra af farsælli reynslu þriggja grunnskóla af fjölmennningarlegu starfi?*

*Greinin fjallar um rannsókn sem gerð var í tveimur íslenskum grunnskólum og einum enskum. Skólarnir eiga það sameiginlegt að stór hluti nemendahópsins er af erlendum uppruna og hafa þeir mótað skipulag til að mæta þessum nemendahópi. Leitað var svara við því hvað í starfsháttum og skipulagi þessara þriggja skóla mætti ætla að stuðlaði að farsælu fjölmennningarlegu skólastarfi. Tekin voru viðtöl við kennara og skólastjórnendur í skólunum, gerð vettvangsathugun og opinber gögn um skólana skoðuð. Helstu niðurstöður voru þær að skólarnir hafa skýra framtíðarsýn og stefnu. Kennsluhættir byggjast á samvinnu, samræðum og virkni nemenda og mikilli kennslu í nýja tungumálinu. Vel er fylgst með námi nemenda og gerðar til þeirra kröfur. Skólarnir hafa frumkvæði að samskiptum við foreldra. Á grundvelli niðurstaðnanna voru mótaðar tillögur að áherslum við skipulag á fjölmennningarlegu skólastarfi. Tillögurnar líta að gildum, skipulagi og starfsháttum og ættu að geta nýst skólum sem ekki hafa eins mikla reynslu af fjölmennningarlegu starfi og skólarnir í rannsókninni.*

*Efnisorð:* Fjölmennningarlegt skólastarf, skipulag, jöfnuður, valdefling

### **INNGANGUR**

Þegar nemendum af erlendum uppruna tók að fjölga á Íslandi upp úr 1994 voru stofnaðar móttökudeildir í nokkrum skólum. Í deildunum stunduðu nemendur af erlendum uppruna, sem voru nýfluttir til landsins, nám og var markmiðið með þeim að auðvelda nemendum aðlögun að íslensku samfélagi. Í Reykjavík voru þessar deildir fjórar (Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, 2000, 2004). Árið 2006 kom út ný aðalnámskrá grunnskóla. Þar er kveðið á um að í skóla án aðgreiningar skuli öllum nemendum gert kleift að stunda nám í heimaskóla, þar með talið börnum af erlendum uppruna (Menntamálaráðuneytið, 2006). Fjármagni var nú úthlutað til skóla á grundvelli fjölda nemenda sem þyrftu kennslu í íslensku sem öðru máli. Árið 2008 stundaði helmingur nemenda sem fékk kennslu í íslensku sem öðru máli nám sitt í fjórum af skólum

borgarinnar (Menntasvið Reykjavíkurborgar, 2009). Í tveimur af þessum skólum voru áður móttökudeildir sem búið var að leggja niður í sinni upprunalegu mynd. Ætla má að í þessum skólum hafi orðið til þekking og reynsla sem áhugavert er að skoða.

Ein af niðurstöðum rannsóknar Hönnu Ragnarsdóttur (2007a) á reynslu tíu innflytjendafjölskyldna af skólum á Íslandi er að skólar hafi ekki heildarstefnu í námi og kennslu barna af erlendum uppruna. Samkvæmt rannsókninni fór velgengni barnanna einkum eftir reynslu og þekkingu einstakra kennara og stjórnenda. Í niðurstöðum PISA-rannsóknarinnar (Programme for International Student Assessment) á Íslandi 2006 kom fram að frammistaða innflytjenda var marktækt slakari í öllum greinum en annarra nemenda (Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson, Óskar H. Níelsson og Júlíus K. Björnsson, 2010). Í rannsókn Þórodds Bjarnasonar (2006) á aðstæðum skólanema af erlendum uppruna á Íslandi kom fram að staða þeirra væri verri í skóla en jafnaldra þeirra af íslenskum uppruna. Þegar þessar niðurstöður eru skoðaðar vaknar sú spurning hvort nýta megi þekkingu og reynslu þeirra skóla sem mesta reynslu hafa af skólastarfi með nemendum af erlendum uppruna í þágu þeirra sem minni reynslu hafa.

Í rannsókninni sem hér er greint frá var leitað svara við því hvað í starfsháttum og skipulagi þriggja skóla sem hafa reynslu af skólastarfi með nemendum af erlendum uppruna mætti ætla að stuðlaði að farsælu fjölmeningarlegu skólastarfi. Með farsælu skólastarfi er átt við góðan námsárangur nemenda, virka þátttöku í námi og sterka félagslega stöðu. Í fjölmeningarlegu skólastarfi er menntunarlegur jöfnuður forgangsatríði og skólastarfið er því skipulagt með þarfir allra nemenda í huga. Í rannsókninni, sem hér er greint frá, var lögð áhersla á að draga fram það sem best hefur reynst í skólunum þremur að mati skólafólksins. Á grundvelli niðurstaðna voru mótáðar tillögur að áherslum við skipulag fjölmeningarlegs skólastarfs sem nýst geta skólum sem ekki hafa sömu reynslu og skólarnir í rannsókninni.

Þegar talað er um innflytjendur og nemendur af erlendum uppruna er bæði átt við grunnskólanemendur sem eiga báða foreldra erlenda og hafa flust með foreldrum sínum til Íslands og þá sem hafa búið hér á landi alla tíð. Allir þessir nemendur eiga það sameiginlegt að tala annað tungumál á heimili sínu en tungumál landsins sem þeir búa í.

## FRÆÐILEGT SAMHENGI

### Staðan í málefnum barna af erlendum uppruna á Íslandi í dag

Rannsóknir á Íslandi undanfarin ár hafa sýnt slakari frammistöðu og verri líðan nemenda af erlendum uppruna en íslenskra nemenda. Árið 2006 voru innflytjendur í fyrsta sinn nógu margir hér á landi til að hægt væri að bera saman meðaltöl um frammistöðu þeirra við frammistöðu innlendra jafnaldra í PISA-rannsókninni. Niðurstöðurnar 2006 og 2009 sýna að frammistaða innflytjenda er marktækt slakari en innlendra jafnaldra þeirra og mikill munur er á færni í öllum greinum. Þar kemur fram að börnum sem hafa komið ung til landsins vegnar betur en þeim sem koma eldri.

Ein af niðurstöðum PISA sem vekur athygli er að samband milli þjóðfélagsstöðu og árangurs er mjög veikt hér á landi og virðist þjóðfélagsstaða hafa minni áhrif á árangur en í öðrum þáttökulöndum (Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson, Óskar H. Níelsson og Júlíus K. Björnsson, 2010).

Í rannsókn Þórodds Bjarnasonar (2006) kemur fram að unglíngum sem alast upp á heimilum þar sem töluð eru önnur mál en íslenska líður verr í skóla en íslenskum jafnöldrum, félagsleg tengsl þeirra eru slök og þeir eru líklegri til að verða fyrir einelti. Í rannsókninni *Ungt fólk* (Margrét L. Guðmundsdóttir, Álfgeir L. Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigurðsson, 2009) koma fram sterkar vísendingar um að nemendur sem búa á heimili þar sem talað er annað tungumál en íslenska taki ekki þátt í skipulögðum tímstundum í jafn ríkum mæli og íslenskir jafnaldrar þeirra (Gísli Árni Eggertsson, munnleg heimild, 24. febrúar 2011).<sup>1</sup> Nemendur af erlendum uppruna virðast því standa verr að vígi en íslenskir jafnaldrar þeirra á ýmsum sviðum. Þessar niðurstöður eru í samræmi við rannsóknir undanfarinna ára í öðrum löndum sem sýna jaðarstöðu barna af erlendum uppruna (Brooker, 2002; Hernandez, 2004; Nieto, 2010; Nieto og Bode, 2010; Rumbaut og Portes, 2001; Wrigley, 2000, 2003).

## Fjölmenningarleg menntun, framtíðarsýn og gildi í skólastarfi

Fjölmenningarleg menntun sem umbótahreyfing hófst í Bandaríkjunum upp úr 1960 í kjölfar réttindabaráttu blökkumanna þar í landi og átti að styðja menntunarlegan jöfnuð kynþátta og margs konar minnihlutahópa. Banks (2010) útvíkkaði hugtakið þannig að það nær til alls skólastarfsins og samfélagsins. Hann lítur á fjölmenningarlega menntun sem allt í senn, hugmynd, umbótahreyfingu og þróun sem byggist á því að allir nemendur, óháð kyni, uppruna, tungumáli eða menningu, hafi jöfn tækifæri til að ná árangri í skólanum. Markmiðin eru menntunarlegur jöfnuður og því er fjölmenningarleg menntun í stöðugri þróun þar sem markmiðin nást aldrei til fulls. Nieto og Bode (2010) tala einnig um fjölmenningarlega menntun sem umbótahreyfingu þar sem skólafólkið tekur afstöðu gegn öllum ójöfnuði og hafnar kynþáttafordómum.

Í umfjöllun um fjölmenningarlega menntun gegnir menning lykilhlutverki. Menning skóla er hluti af stærra félagslegu og stjórnmálalegu kerfi. Hún er jafnframt virkt og breytilegt hreyfiafl en ekki föst stærð og mótast meðal annars af því fólki sem starfar í skólunum (Nieto, 2010). Sameiginleg sýn eða framtíðarsýn skólafólksins mótar menninguna sem þar ríkir. Í henni er að finna meginlínur, þau gildi og viðmið sem unnið er eftir í skólanum og hún verður aldrei sameiginleg nema hún sé mótuð með þátttöku allra sem hlut eiga að máli (Banks, 2010; Nieto, 2010; Ólafur H. Jóhannsson, 2003; Ryan, 2006). Hlutverk stjórnenda er því að virkja skapandi hugsun starfsmanna og forystuhæfileika annarra í starfsliðinu þannig að skólafólkið vinni sem einn maður.

Í grunnskólalögum (Lög um grunnskóla nr. 91/2008) kemur meðal annars fram að starfshættir skóla skuli mótast af jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi og virðingu fyrir manngildi. Þarna eru sem sé þau gildi sem skólinn á að hafa í heiðri sett saman í stuttu máli. Í íslenskum námskrám er aftur á móti ekki talað um hlutverk gildanna í skólastarfinu (Gunnar E. Finnbogason, 2004). Til að skólar geti starfað á jafnréttisgrundvelli í fjölmenningarsamfélögum verða tiltekin grunngildi að vera fyrir hendi

að mati fræðimanna, þ.e. gagnkvæm virðing og mannréttindi. Enn fremur þarf að stuðla að lýðræðislegri þátttöku og valdeflingu þannig að allir nemendur geti verið virkir þátttakendur og eigi hlutdeild í skólastarfinu (Hanna Ragnarsdóttir, 2007b; Nieto, 2010; Wrigley, 2000). Með valdeflingu er átt við ferli þar sem nemendur finna að þeir geta haft áhrif á hvernig líf þeirra þróast og þannig haft vald á lífi sínu. Valdefling tengist því mannréttindum og þá um leið lífsgæðum einstaklinganna (Nieto, 2010; Wrigley, 2003). Að mati Barkar Hansen (2003) þurfa gildin að byggja upp og efla skólastarfið. Eitt af hlutverkum skólastjórnenda er því að stuðla að því að sem flestir tileinki sér framsækin gildi fyrir skólastarfið. Jákvæð skólamenning sem einkennist af virðingu og hefur að leiðarljósi að vinna gegn ójöfnuði er undirstaða farsæls skólastarfs (Banks, 2010; Nieto, 2010).

Til að vinna að framgangi fjölmeningarlegrar menntunar er nauðsynlegt fyrir skólafólk að hafa einhver atriði til að miða við í umbótastarfinu. Banks (2010) setur fram áhersluþætti sem skólar geta notað við að skipuleggja skólastarf út frá hugmyndafræði fjölmeningarlegrar menntunar og meta hvar þeir eru staddir í ferlinu. Áhersluþættirnir lúta allir að því að unnið sé að jöfnuði í skólunum, gert sé ráð fyrir að allir nemendur taki framförum og nái góðum árangri, kennsluáðferðir og námsgögn hafi tilvísun í fleiri en einn menningarheim, nemendum sé bent á að viðhorf og menning hafi áhrif á það hvernig þekking er sköpuð og unnið sé að því með nemendum að þróa jákvæða afstöðu til fólks af mismunandi uppruna, kyni og menningu.

## Skipulag skólastarfs og áherslur í námi og kennslu

Fjölmeningarleg menntun sem umbótahreyfing gengur út frá því að nám nemenda sé forgangsattriði. Gengið er út frá því að allir nemendur hafi hæfileika sem hægt sé að byggja nám þeirra á og gerðar eru miklar kröfur til allra. Gildin í menningunni og móðurmálið sem börnin alast upp við hafa áhrif á nám nemenda og með það í farteskínu koma nemendur í skólann (Nieto, 2010; Nieto og Bode, 2010). Að mati Wrigleys (2000) búa nemendur af erlendum uppruna yfir mikilli færni, þar sem þeir hugsa, skilja og eiga samskipti á tveimur tungumálum og geta flutt sig á milli tveggja ólíkra menningarheima þar sem mismunandi gildi og siðir ríkjá. Þessa færni er mikilvægt að nýta og það getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir börnin og samfélagið ef ekki er litið á fjölbreytileikann sem jákvætt afl. Börnin glata tengslum við uppruna sinn og menningu og samfélagið glatar auðlind sem er tungumálaþekking þessara einstaklinga. Því er mikilvægt að skólinn nýti þá möguleika sem hann hefur til að hjálpa nemendum að viðhalda móðurmálinu og hugi að menningu allra (Cummins, 2005; Nieto, 2010; Wrigley, 2000).

Nieto (2010) bendir á að fjölmeningarleg menntun snúist um að efla nám nemenda. Hún nefnir nokkur atriði sem hafa þurfi í huga þegar nám nemenda er skipulagt: að nám sé virkt ferli, að nám byggist á reynslu nemenda, að menningarlegur munur hafi áhrif á nám, að nám verði fyrir áhrifum af því umhverfi sem það fer fram í og síðast en ekki síst að nám sé félagslegt ferli sem þróist innan menningarinnar og samfélagsins. Til að ná þessu fram eru kennsluáðferðir sem byggjast á samvinnu mikilvægar þar sem börn læra mest þegar þau eru virk og vinna með öðrum. Samvinna er hvetjandi

fyrir alla, stuðlar að skilningi milli ólíkra hópa og lýðræðisleg vinnubrögð virkja nemendur til þátttöku (Hanna Ragnarsdóttir, 2007b; Nieto, 2010; Wrigley, 2000, 2003). Einn lykillinn að samskiptum og lýðræðislegum umræðum er þekking á markmálinu, þ.e. því tungumáli sem er ríkjandi í umhverfinu. Nemendur af erlendum uppruna verða því að ná valdi á markmálinu en það telja fræðimenn lykil að velgengni nemenda (Delpit, 1995; Nieto, 2010; Wrigley, 2000).

Málfærni nemenda má greina í tvennt, annars vegar færni þeirra til að nota tungumálið til samskipta (e. basic interpersonal communication skills) og hins vegar til að nota tungumálið til að ná námsmarkmiðum (e. cognitive academic language proficiency) (Cummins, 2005). Til að nemendur geti náð valdi á markmálinu þarf ílagið (e. input) innan og utan kennslustofu að vera nægilega mikið. Eldri börn eru almennt talin eiga betra með að tileinka sér markmálið í fyrstu en þau yngri. Margt kemur þar til, svo sem aukinn vitsmunafroski, betri tækni á námsaðferðum og meiri skilningur á því hvernig nám fer fram. Nemendur með annað móðurmál en markmál þurfa að vinna ötullega að því að byggja upp færni í nýja tungumálinu eigi þeir að ná árangri í skólum (Birna Arnbjörnsdóttir, 2007).

Wrigley (2000, 2003) hefur skoðað einkenni skólastarfs þar sem nemendur af erlendum uppruna og nemendur sem búa við fátækt hafa náð góðum árangri. Þar byggist allt skólastarfið á gagnkvæmri virðingu og stuðlað er að lýðræðislegum vinnubrögðum með virkum samræðum milli nemenda og kennara. Skilningur á náminu og gagnrýnin hugsun er þjálfuð með rökraðum, samvinna nemenda er mikilvæg og miklar kröfur eru gerðar til allra nemenda. Vel er fylgst með framvindu námsins hjá öllum nemendum. Aðrir þættir sem Wrigley bendir á eru teymisvinna kennara, jafningjafræðsla, námskrá lögðu að nemendum, lestrarkennsla þar sem skilningur nemenda er dýpkaður og síðast en ekki síst mikil og vönduð kennsla í markmálinu. Um leið varar Wrigley við að kenna félagslegum aðstæðum um lélegt gengi í skóla því þá sé hættu á að skólinn slaki á kröfum til sín um vandaðar og vel skipulagðar kennslustundir.

Talið er mikilvægt að nemendur sem koma inn í skóla frá öðrum löndum fái ýtarlega kynningu á tilboðum skólanna, tólmstundastarfi og leiðum í framhaldsnámi þar sem þeir þekki ekki þá möguleika sem þeim bjóðast í skólanum eða nærsamfélaginu. Að sama skapi er talið nauðsynlegt fyrir nemendur að geta leitað til einhvers ákveðins aðila innan skólans með mál sem þeir þurfa úrlausn á (Nieto, 2010). Í fjölmenningsarsamfélögum fellur það að nokkru leyti í verkahring skóla að byggja brú og aðstoða fjölskyldur nemenda af erlendum uppruna við að skoða tækifærin sem börn þeirra hafa. Rannsóknir hafa sýnt að í sumum tilvikum eru skólar helsti tengiliður fjölskyldna innflytjenda við nýja samfélagið og því mikilvægt að þeir sinni því hlutverki gaumgæfilega (Hanna Ragnarsdóttir, 2007a; Nieto, 2010; Wrigley, 2003). Mikilvægt er að ganga út frá því að allir foreldrar hafi áhuga á menntun barna sinna þó að þeir hafi mismikla þekkingu á því hvernig skólastarfið fer fram (Ryan, 2006; Wrigley, 2003).

## AÐFERÐ

Í rannsókninni sem hér er greint frá var leitað svara við því hvað í starfsháttum og skipulagi þriggja skóla megi ætla að stuðli að farsælu fjölmennningarlegu skólastarfi. Rannsóknin var gerð í apríl til júní 2010 og beindist að því draga fram það sem hefur reynst best í skólastarfi með nemendum af erlendum uppruna. Markmiðið var að móta tillögur að áherslum við skipulag fjölmennningarlegs skólastarfs sem byggðust á því sem best hefur reynst. Skólarnir voru valdir í ljósi sérstöðu sinnar og þekkingar á viðfangsefni rannsóknarinnar. Samkvæmt *Ársskýrslu Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2008* voru Austurbæjarskóli og Fellaskóli með flesta nemendur sem fá kennslu í íslensku sem öðru máli (Menntasvið Reykjavíkurborgar, 2009). Ákveðið var að einn skólanna yrði erlendur, með lengri reynslu af fjölmenningu en um er að ræða hér á landi. Lamptonskóli í London hefur skilað góðum árangri í opinberum könnunum og því áhugavert að skoða þau gildi, skipulag og starfshætti sem þar eru við lýði. Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir skólunum þremur.

## Þáttökuskólar

- Austurbæjarskóli hefur langa reynslu af fjölmennningarlegu skólastarfi. Í skólanum var starfrækt móttökudeild fyrir nemendur af erlendum uppruna frá árinu 1994. Eftir að móttökudeildir voru lagðar niður hefur verið starfrækt nýbúadeild við skólann þar sem nemendur af erlendum uppruna hafa fengið kennslu í íslensku og stuðning við annað nám. Skólinn vann að þróunarverkefninu fjölmennningarlegur grunnskóli frá árinu 2001. Markmið verkefnisins var að þróa þekkingu og reynslu innan skólakerfisins til að takast á við þá fjölbreytni sem einkennir nútímasamfélag. Skólaárið 2009–2010 voru nemendur af erlendum uppruna um 20% af nemendum skólans. Fram kemur í skýrslu um heildarmat Menntasviðs Reykjavíkurborgar í Austurbæjarskóla 2010 að meðalárangur nemenda skólans á samræmdum prófum, í læsiskönnunum og stærðfræðiskimun er yfir landsmeðaltali og í flestum tilfellum yfir meðaltali borgarinnar. Líðan nemenda í kennslustundum er yfir meðaltali allra grunnskóla á landinu (Austurbæjarskóli, 2010).
- Fellaskóli hefur einnig reynslu af fjölmennningarlegu skólastarfi. Á stuttum tíma fjölgaði börnum af erlendum uppruna mikið. Árið 2003 fengu 7% nemenda í Fella-skóla kennslu í íslensku sem öðru máli og árið 2008 voru þeir orðnir um 21% (Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, 2004; Menntasvið Reykjavíkurborgar, 2009). Skóla-árið 2009–2010 voru um 44% nemenda af erlendum uppruna í skólanum og hafði fjórðungur þeirra búið hér á landi skemur en fjögur ár. Í sjálfsmatsskýrslu skólans kemur fram að yfir 90% foreldra telja að barninu sínu líði almennt vel í skólanum. Skólinn fékk hvatningarverðlaun Menntaráðs Reykjavíkurborgar vorið 2009 fyrir Foreldranámskeið fyrir erlenda foreldra (Fellaskóli, 2010). Í Fellaskóla var ekki starfrækt móttökudeild en slík deild var í hverfinu. Í skólanum hefur verið nýbúa-ver í nokkur ár. Með auknum fjölda nemenda af erlendum uppruna hefur skólinn unnið þróunarverkefni sem stuðla að því að nemendur geti verið sem virkastir þátttakendur í bekk með innlendum jafnöldrum en fengið stuðning við námið og íslenskuna í nýbúaveri.



- Lamptonskóli er í Hounslow-hverfi í London og eru nemendur á aldrinum 11–18 ára. Lamptonskóli varð fyrir valinu vegna þess að um 80% nemenda voru af erlendum uppruna árið 2010 og hlutfall nemenda sem voru ekki með ensku sem móðurmál er töluvert yfir meðaltali í landinu. Á GCSE-prófum (General Certificate of Secondary Education) sem haldin eru fyrir nemendur á aldrinum 14–16 ára kemur fram að skólinn hefur náð mjög góðum árangri og er í hópi 25% skóla sem skila hvað bestum árangri á þessum prófum. Rannsókn á starfsháttum skólans var síðast metin af OFSTED (Office for Standards in Education, Children's Services and Skills) árið 2008 og var skólinn með framúrskarandi umsögn í öllum þeim þáttum sem voru metnir (Lampton School, 2010).

## Rannsóknarsnið, gagnasöfnun og úrvinnsla gagna

Rannsóknin var skipulögð sem tilviksrannsókn. Tilviksrannsóknir taka til einstaklinga, hópa, stofnana eða ákveðinna þátta í starfi stofnana (Bogdan og Biklen, 1992). Þær eru lýsandi og hafa það markmið að auka skilning og varpa ljósi á raunveruleg tilvik og aðstæður. Ef tilvikin eru fleiri en eitt er hvert þeirra meðhöndlað sérstaklega en í lokin er byggt á niðurstöðum allra tilvikanna (Rúnar Helgi Andrason, 2003). Í þessari rannsókn var stuðst við þrjú tilvik sem öll hæfa markmiðum rannsóknarinnar (e. purposive sampling). Gögnum var safnað með viðtölum og vettvangsathugunum en einnig voru opinber gögn um skólana skoðuð. Við undirbúning gagnasöfnunar var unnið út frá hugmyndafræði fjölmenningarlegrar menntunar og stefnt að því að ná fram upplýsingum um:

- Fjölmenningarlegar áherslur í menningu skólanna og hvernig gildin sem unnið er eftir móta starfið í skólanum.
- Áherslur í námi og kennslu og hvernig komið er til móts við þarfir nemenda í skipulagi skólastarfsins.
- Vinnu gegn fordómum og einelti.

Viðtölin voru umfangsmesti þáttur gagnasöfnunarinnar og voru tekin óstöðluð viðtöl. Þá er umræðuefnið ákveðið af rannsakanda sem leiðir viðtalið en gætir þess jafnframt að hafa sem minnst áhrif á skoðanir viðmælenda á umræðuefninu (Helga Jónsdóttir, 2003; Kvale, 2007). Markmið viðtalanna var að ná því fram hvað viðmælendur telja að hafi reynst vel í skipulagi og starfsháttum skólastarfs með nemendum af erlendum uppruna og þeir vilja þróa áfram. Tekin voru viðtöl við einn skólastjórnanda í hverjum skóla (eftir atvikum skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra) og 13 kennara, samtals 16 viðmælendur, bæði karla og konur. Viðtölin tóku á bilinu 30–65 mínútur hvert. Í öllum skólunum voru kennarar af erlendum uppruna en til að gæta nafnleyndar er það látið ósagt hvort talað var við einhverja úr þeim hópi.

Í vettvangsathugun fer athugandinn á vettvang, dvelur einhvern tíma á staðnum, dregur upp mynd af vettvanginum, beinir sjónum að tilteknum þáttum og skráir það sem hann sér og eigin hugleiðingar (Flick, 2006). Vettvangsathuganirnar fólust í því að farið var í skólana þrjá, setið í kennslustundum og aðstæður skoðaðar með sömu atriði í huga og í viðtölunum. Í íslensku skólana var farið fimm sinnum í heimsókn í

hvorn skóla og setið í þremur kennslustundum á hvorum stað. Í enska skólanum var dvalið tvo heila daga, setið í fjórum kennslustundum, fylgst með nemendafundi og borðað í mötuneyti kennara og nemenda.

Opinber gögn voru nýtt til að fá fyllri mynd af skólunum. Upplýsingar um skólana af heimasíðu þeirra og aðrar upplýsingar um skólana sem koma fram í opinberum gögnum um skólastarfið voru hluti af rannsóknargögnum. Önnur gögn sem notuð voru við rannsóknina voru gögn sem viðmælendur létu okkur í té, svo sem um þátttöku nemenda í tólmundastarfi, mætingar nemenda og fleiri gögn sem tekin höfðu verið saman um skólastarfið en voru ekki birt opinberlega.

Kennararnir voru valdir með aðstoð skólastjórnenda á hverjum stað. Þeir hafa allir þekkingu og reynslu af fjölmennningarlegu skólastarfi. Viðhorf þeirra og starfshættir þurfa ekki að vera einkennandi fyrir aðra kennara skólanna. Með leyfi skólastjórnenda er hér látið koma fram um hvaða skóla er að ræða en jafnframt var ákveðið að nota hvorki nöfn skólastjóra né kennara. Viðtölin voru tekin upp, skráð orðrétt og flokkuð. Rannsóknargögnin voru lesin yfir, greind og flokkuð í þemu. Vettvangsnótur úr vettvangsathugunum, opinber gögn og önnur gögn um skólana voru einnig greind og flokkuð. Hvert tilvik var greint sérstaklega en niðurstöður eru byggðar á öllum tilvikunum.

## NIÐURSTÖÐUR

Í þessum kafla verður greint frá því sem að mati viðmælenda hefur best reynst í skólastarfinu. Þessir þættir snúa að fjölmennningarlegum áherslum í skólastarfinu, námi og kennslu ásamt félagslegu uppeldi nemenda, samstarfi við foreldra og vinnu gegn einelti og fordómum.

### Fjölmennningarlegar áherslur í skólastarfi og skipulag

Skólarnir í rannsókninni áttu það allir sameiginlegt að þar var stór hópur barna af erlendum uppruna og þeir höfðu þróað skipulag til að mæta þessum nemendahópi. Í stefnu skólanna var að finna orð eins og *jöfnuð*, *virðingu* og *samvinnu*. Uppruni var einungis einn þáttur margbreytileikans að mati viðmælenda. Einn viðmælenda í Austurbæjarskóla benti á að fjölmennning hefði alltaf verið til og mikilvægt væri að líta á kosti hennar. Í Austurbæjarskóla nefndi skólastjórinn að góður árangur næðist ekki nema jarðvegurinn væri til staðar. „Þá meina ég skólamenningin, skólakúltúrin. Hér er í góðu lagi að vera öðruvísi, það er bara allt í lagi,“ sagði hann. Hann þakkaði þetta skólahverfinu en þar hefur búið fólk úr öllum stéttum samfélagsins frá því skólinn tók til starfa. Undir þetta tók skólastjóri Fellaskóla og lagði áherslu á gagnkvæma aðlögun nemenda af íslenskum og erlendum uppruna og sagði það vera styrk fyrir skóla að takast á við samfélag ólíkra einstaklinga. Hann vildi að allir fyndu sig á heimavelli í skólanum. Aðstoðarskólastjórinn í Lamptonskóla benti á mikilvægi þess að ungt fólk í nútímasamfélagi kynntist fólki úr annarri menningu og trúarbrögðum, skildi sjónarmið þess og væri ekki hrætt við aðra menningarheima. Hann sagði:



Samfélag sem ekki vinnur með margbreytileikann og kennir nemendum að virða hver annan og rökræða lendir í vandræðum. Það verður að vinna saman og brjóta niður múra milli hópa á markvissan hátt. Við lítum á menntun sem siðferðilegt mál, þar sem menntun snýst um að breyta lífi fólks og menntun er aðgangur að betra lífi.

Skólastjórnendur í skólunum þremur höfðu áhuga á fjölmenningarlegu skólastarfi og leiddu umbóta- og stefnumótunarvinnu í sínum skólum og stóðu fyrir endurmenntun starfsfólks. Aðstoðarskólastjórinn í Lamptonskóla þakkaði skólastjóra sem tók við fyrir þrettán árum góðan árangur skólans, en fram að því hafði skólinn komið illa út úr könnunum. „Skólastjórinn hefur lifandi áhuga á námi og kennslu, fékk fólk með sér og byggði upp áætlanir um þróun skólastarfsins,“ sagði hann. Ein leið í þessari þróun sagði aðstoðarskólastjórinn vera að þau söfnuðu gögnum um skólann og notuðu gögnin til að ræða skólastarfið og draga ályktanir. „Þannig verða allar umbætur markvissar og umræðan byggist á rökum en verður síður huglæg og byggð á tilfinningu.“ Í rannsókninni kom fram að viðmælendur töldu sig vera þátttakendur í að móta stefnu og starfshætti skólanna sem þeir störfuðu við.

Í Austurbæjarskóla hafði reyndum kennara verið falið að móta skipulag starfsins í upphafi og sá kennari hafði fengið til liðs við sig reynt fólk innan skólans. Íslensku skólarnir unnu eftir móttökuáætlun fyrir nemendur af erlendum uppruna og náðu þær til móttöku nemenda, samstarfs við foreldra og skipulags námsins í skólanum. Í báðum íslensku skólunum voru starfræktar nýbúadeildir / ver þar sem erlendu nemendurnir fengu stuðning við námið og kennslu í íslensku sem öðru máli. Að öðru leyti fór námið fram í bekk, mismikið eftir aldri nemenda. Yngri nemendur voru meira með íslenskum jafnöldrum en eldri nemendur fengu meiri aðstoð í nýbúadeildum. Í báðum skólunum var litið svo á að nám nemenda væri sameiginlegt verkefni allra í skólanum.

Í Lamptonskóla var ekki sérstök nýbúadeild en eitt af stuðningstilboðum skólans var enska sem annað tungumál. Kennarinn sem sá um þá kennslu stóð einnig fyrir fræðslu til annarra kennara skólans. Umsjónarkennarar fylgdust mjög nákvæmlega með mætingum, framvindu náms og ástundum hjá umsjónarnemendum. Skólastjórnendur sátu í tímum hjá kennurum reglulega og ræddu við þá um kennsluna. Sjálfsmat var á stundatöflu allra kennara skólans. Aðstoðarskólastjórinn sagði að skipulegt eftirlit með námi og kennslu væri stór þáttur í þeirri jákvæðu þróun sem hefði átt sér stað í skólanum.

## Áhersla í námi og kennslu og félagslegt uppeldi nemenda

Viðmælendur í rannsókninni voru sammála um að markmálið væri lykill að velgengni nemenda og kennsla í því grundvallaratriði. Í öllum skólunum var áhersla á að kenna markmálið í gegnum námsgreinar, vinna með lykilhugtök og hjálpa nemendum að byggja upp orðaforða og þekkingu í námsgreinum á markmálinu. Kennararnir í skólunum fóru ýmsar leiðir; þeir aðlöguðu námsefnið, studdust við myndir, útskýrðu textann og kenndu nemendum að búa til hugtakakort. Hluti af þessari kennslu fór fram í sértímum og var markmiðið að nemendur fengju þar stuðning við námið þannig að þeir gætu tekið þátt í kennslustundum með jafnöldrum.

Kennararnir í rannsókninni lögðu allir áherslu á mikilvægi samvinnu í námi nemenda. Í Austurbæjarskóla var áhersla á að nota CLIM-kennsluaðferðina (cooperative learning in multicultural groups) í öllum bekkjum. Það er kennsluaðferð sem byggist á skipulagðri samvinnu nemenda. Á veggjum skólans voru spjöld með slagorðum eins og „Allir geta eitthvað, enginn getur allt“ sem minna á þennan þátt í skólastarfinu. Einn kennari skólans sagði að þessi aðferð kæmi þeirri hugsun inn hjá nemendum að þeir ættu að vera virkir þátttakendur í náminu. Undir þetta tók annar viðmælandi en hann sagði: „Þessar aðferðir örva krakkana og gera kennsluna skemmtilega.“

Í Fellaskóla var skipulagið með svipuðu móti. Þar var mikil áhersla á markvissa samvinnu nemenda. Þegar rannsóknin fór fram voru tvö þróunarverkefni í gangi í Fellaskóla. Markmiðið með báðum verkefnum var að efla lestur, orðaforða og leskilning um leið og nemendum var kennd glósutækni og samvinna. Með aðferðum þróunarverkefnanna var gert ráð fyrir að auðveldara væri að kenna saman börnum sem hefðu ólíka færni í lestri og íslensku. Einn viðmælanda í Fellaskóla sagði:

Krakkarnir eru orðnir mjög flinkir í samvinnu og mjög flinkir í því að hafa skólann skemmtilegan og líða vel í skólanum. Þau eru að læra heilan helling en þau læra á annan hátt.

Fram kom í máli íslensku kennaranna að þeim fannst mikilvægt að nemendur væru ekki lokaðir inni í nýbúadeildum og lærðu bara íslensku, stærðfræði og ensku. „Mikilvægt er að þau missi ekki af þessum almenna fróðleik sem þau læra í greinum eins og samfélagsfræði og náttúrufræði,“ sagði kennari í Fellaskóla. Á mið- og unglingastigi væri verið að leggja grunn að framhaldinu í þessum greinum og „samskiptamálið gagnast þeim ekki eitt og sér við námið þegar þau koma í framhaldsskóla,“ sagði kennarinn.

Í Lamptonskóla stunduðu nemendur nám með sínum jafnöldrum og fengu stuðning við námið og enskuna í ensku sem öðru máli. Kennarinn sem sá um þá kennslu sagði að nemendur yrðu að fá tækifæri til að vera með jafnöldrum, að öðrum kosti væri bara verið að stuðla að einangrun nemenda. Þegar nemendur af erlendum uppruna koma í skólann sagðist hann safna bakgrunnsupplýsingum um þá áður en hann skipulegði kennsluna. Hann sagðist flokka nemendur í fjóra aðalflokka og vinna með þá út frá þessum flokkum. Í fyrsta flokknum eru nemendur sem kunna ekki ensku og hafa ekki reynslu af skólum. Í öðrum flokknum eru nemendur sem eru læsir á sitt móðurmál en kunna enga ensku. Í þriðja flokknum eru nemendur sem geta að einhverju marki notað ensku við námið og í fjórða flokknum eru nemendur sem hafa hlotið hluta af menntun sinni í enskum skólum. Sérstaka athygli vakti að hjá nemendum í fjórða flokknum var lögð áhersla á að kennarar væru vakandi fyrir menningarbundnum skírskotunum og útskýrðu þær fyrir nemendum. Kennarinn sem kenndi ensku sem viðbótarmál í Lamptonskóla lagði áherslu á að kenna enskuna í gegnum efni sem verið væri að fjalla um í bekknum þannig að nemendur byggðu upp þekkingu í námsgreinum um leið og unnið væri með tungumálið. Hann sagðist taka mið af kennsluaðferðum sem notaðar væru í bekknum og því væri mikilvægt að hafa samvinnu við aðra kennara nemandans. Í skólanum var stefnt að því að nemendur með annað móðurmál en ensku tækju GCSE-prófin og því fá nemendur aukna kennslu í ensku í 9. bekk.

Kennsluaðferðir í Lamptonskóla byggðust mikið á samræðum milli nemenda og kennara og skýrt afmörkuðum verkefnum sem nemendur áttu að ljúka í tímum. Áhersla var á lykilhugtök og voru nemendur hvattir til að nota hugtökin í rökraedum um þau málefni sem voru til umræðu. Í kennslustundum var lögð áhersla á að skilja persónur og atburði sem verið var að fjalla um út frá mismunandi sjónarhóli og dýpka skilning nemenda á efninu. Nemendur voru hvattir til að koma með rök með og á móti áður en þeir mynduðu sér sjálfir skoðun á efninu. Kennsluaðferðir sem byggjast á samvinnu og samræðum kenna nemendum að vinna saman. Því má segja að félagslegt uppleði skólanna þriggja fari fram í gegnum námið.

Enginn skólanna þriggja býður upp á kennslu í móðurmáli nemenda en í öllum skólunum voru nemendur og foreldrar þeirra hvattir til að viðhalda móðurmálinu. Á bókasöfnum skólanna var hægt að útvega bækur á móðurmáli nemenda og einnig var efni af netinu á móðurmáli nemenda nýtt sem stuðningur við námið.

Í íslensku skólunum hafa kennarar í nýbúadeildum unnið stigskipt próf í íslensku til að fylgjast með framvindu námsins. Nemendur taka síðan eins fljótt og þeir geta sömu próf og aðrir nemendur skólans. Markmið Lamptonskóla var að ná því besta út úr hverjum nemanda og voru nemendur aðstoðaðir við að setja sér markmið um betri árangur en þeir höfðu áður náð. Umsjónarkennarar voru lykilpersónur í að fylgjast með námi og líðan nemenda. Þeir leituðu leiða til að bæta árangur nemenda ef markmiðin náðust ekki eða ef nemandi dalaði í náminu. Nemendur í skólunum gátu fengið aðstoð við heimanám í skólanum í lok skóladags en nemendum Fellaskóla stóð til boða heimanámsaðstoð á bókasafni hverfisins.

Í svörum viðmælenda kom fram að mikilvægt væri fyrir nemendur af erlendum uppruna að einhver ákveðinn aðili innan skólans með sérþekkingu hefði umsjón með kennslu markmálsins. Þeir töldu mikilvægt að nemendur gætu leitað til þessa aðila með ýmis mál sem vörðuðu skólagönguna og veruna í landinu.

## Samstarf við foreldra og vinna gegn einelti og fordómum

Misjafnt var í skólunum þremur hvernig staðið var að samstarfi við foreldra, en allir viðmælendur voru sammála um mikilvægi þessa þáttar. Einn viðmælendi í Austurbæjarskóla sagði að kennarar ættu að vera leiðandi í foreldrasamstarfi, ekki væri hægt að velta því yfir á aðra. Hann sagði:

Kennarinn verður að vera góð fyrirmynd og sýna að það er ekki gefið eftir. Það eru ákveðin lög mála sem við vinnum eftir. Það má ekki gefa eftir og ekki gefast upp við að ná til erlendu foreldranna. Það hefur sýnt sig að það skilar árangri að gefast ekki upp.

Reynsla þessa kennara var að foreldrar barnanna í bekknum væru tilbúnir að leggja á sig vinnu til að ná til allra. „Það er alltaf einhver sem er til í að hjálpa að koma skila-boðum á milli,“ sagði hann „og með þessu móti næst árangur.“

Í íslensku skólunum var haldið móttökuvíðtal við upphaf skólagöngu erlendu nemendanna þar sem bakgrunnsupplýsingum var safnað saman. Í víðtölum við foreldra var boðið upp á tálkaþjónustu. Þar voru líka fræðslunámskeið á nokkrum tungumálum á haustin fyrir foreldra af erlendum uppruna. Á þessum námskeiðum var farið í gegnum ýmislegt sem tengdist skólagöngunni, kennt á upplýsingakerfi

skólanna, frístundakort Íþrótt- og tómstundaráðs kynnt og fulltrúar foreldrafélags skólans sögðu frá foreldrafélaginu. Í Austurbæjarskóla var foreldri af erlendum uppruna kosið í foreldrafélag skólans í fyrsta sinn vorið 2010 en félagið hafði unnið ötulega í að ná til erlendu foreldranna. Nemendur voru hvattir til að mæta á viðburði fyrir utan skólann. Í Fellaskóla mættu kennarar á unglíngastigi á skemmtanir og viðburði nemendum til stuðnings. Lamptonskólinn leit á foreldra sem mikilvæga þátttakendur í námi barna sinna og lagði áherslu á samvinnu við foreldra. Í félagi sem heitir *Vinir Lamptons* voru bæði foreldrar og starfsmenn. Foreldrar í Lampton höfðu beðið um að fá leiðbeiningar um nám barna sinna. Á heimasíðu skólans var að finna upplýsingar um það hvernig foreldrar gætu stutt börn sín í náminu. Stuðningurinn gat falist í því að sjá til þess að börnin hefðu næði til að sinna heimanámi, horfðu á ákveðna þætti í sjónvarpi, færu á sófn, ræddu um ákveðna viðburði, legðu áherslu á hollan lífsstíl, bóklestur o.fl.

Viðmælendur í öllum skólunum voru sammála um að vellíðan og öryggi í skólunum væri undirstaða þess að nemendur gætu lært og því væri mikilvægt að mynda góð tengsl við nemendur. Unnið var gegn fordómum og einelti í skólunum þó misjafnt væri hvaða leiðir væru farnar í þeirri vinnu. Allir viðmælendurnir sögðu að einelti væri ekki liðið í skólunum. Þeir sögðust vera vakandi fyrir fordómum og kenndu nemendum sínum að virða margbreytileikann. Samvinna nemenda í skólunum stuðlaði að kynnum nemenda og eins og kennari í Austurbæjarskóla sagði þegar talið barst að samvinnunámi: „Ég held að þessi vinna sé fyrirbyggjandi að því leyti að ef nánari kynni fyrirbyggja einelti þá myndi ég segja að þetta væri leið til þess.“

Í Lamptonskóla var unnið gegn fordómum með trúarbragðakennslu og markvissum umræðum í öllum greinum þar sem nemendum var kennt að ræða álitamál eftir ákveðnum leiðum. Trúarbragðafræði var skyldunámsgrein í skólanum. Í tímum í trúarbragðafræði var nemendum kennt að ræða álitamál út frá sjónarhorni mismunandi trúarbragða. Virðing fyrir skoðunum annarra var rauður þráður í starfi skólans. Í Lamptonskóla var starfandi jafnréttishópur og nemendur áttu fulltrúa í honum.

Viðmælendur í íslensku skólunum töluðu um að erlendir nemendur héldu hópinn og það gengi seint að þeir eignuðust íslenska vini. Í báðum íslensku skólunum kom fram að kennarar þar skipuðu sjálfir í hópa í hópverkefnum þannig að erlendu nemendurnir blönduðust meira. Í Lamptonskóla stjórnðu kennarar sätaskipan í öllum kennslustundum og var það ein af leiðum skólans til að brjóta niður múra milli fólks, stuðla að kynnum og koma í veg fyrir einangrun.

## UMRÆÐUR

Í rannsókninni var leitað svara við því hvað í starfsháttum og skipulagi þriggja skóla megi ætla að stuðli að farsælu fjölmeningarlegu skólastarfi. Umræðan skiptist í fjóra efnisflokka: Skólann sem samfélag, nám og kennslu, samstarf við foreldra og nærsamfélagið og skólana í rannsókninni.

## Skólinn sem samfélag

Í rannsókninni kom fram að skólastjórnendur höfðu áhuga á fjölmenningslegu skólastarfi, tóku forystu og stóðu fyrir umbótum. Kennararnir í rannsókninni voru á einu máli um að það hefði skipt sköpum fyrir þróun skólastarfsins í sínum skólum. Wrigley (2000) bendir á að umbætur verði aldrei raunverulegar ef starfsfólk er ekki virkir þátttakendur í umbótavinnunni. Því má segja að árangurinn standi og falli með því að skólastjórnendum takist að virkja fólk til þátttöku og stuðla að sterkri liðsheild fólks sem vinnur að sameiginlegum markmiðum. Þannig eru meiri líkur á að skólamenn- ingin stuðli að jöfnuði með þátttöku allra. Framtíðarsýn og þau gildi sem unnið er eftir má því telja grundvöll fyrir farsælu skólastarfi (Banks, 2010; Nieto, 2010). Við- mælendur í rannsókninni töldu þróunarverkefni og endurmenntun góða leið til þess.

Forysta um mótun framtíðarsýnar er eitt af hlutverkum skólastjórnenda í mótun farsæls skólastarfs. Hafa þarf í huga að menning verður til í samskiptum fólks (Nieto, 2010) og því er ekki hægt að móta framtíðarsýn í eitt skipti fyrir öll. Stefnur og straumar í samfélaginu hafa áhrif á það hvernig skólar skipuleggja starf sitt. Mikilvægt hlýtur að vera að ræða skólastarfið út frá gögnum og nýjustu rannsóknum því annars er hætt á að skipulagið fari að stjórna og lifa sjálfstæðu lífi án tengsla við þær hug- myndir sem upphaflega lágu að baki skipulaginu. Viðmælendurnir í enska skólanum þökkðu góðan árangur skólans meðal annars því að þeir notuðu markvisst opinber gögn og rannsóknir í umræðum um skólastarfið og umbótavinnu. Þannig töldu þeir alla vinnu verða markvissari og beinast að því sem máli skipti, en það er að bæta nám og líðan nemenda.

Í farsælu skólastarfi er mikilvægt að allir innan skólans hafi sömu gildi að leiðar- ljósi. Hjá viðmælendum í rannsókninni kom fram að unnið var með gildin í náminu og val á kennsluáferðum mótaðist af þeim og er það í samræmi við þau orð Barkar Hansen (2003) að gildin þurfi að efla og byggja upp skólastarfið.

Í rannsókninni tóku allir viðmælendur einarða afstöðu gegn einelti og fordómum og hjálpuðu nemendum sínum að sjá kosti margbreytileikans. Þeir litu á fjölbreytni í nemendahópnum sem styrk fyrir skólann sem auðgaði menningu skólanna. Við- horfin í skólunum komu ekki af sjálfu sér heldur hafði verið unnið að þeim á mark- vissan hátt. Trúarbragðafræðsla, rökræður um álitamál og samvinna voru þættir sem fram komu í rannsókninni sem góðar leiðir til að vinna að þessum þáttum. Kenna þarf nemendum að vinna með ólíkum einstaklingum og það verður ekki gert nema nemendur fái tækifæri til samvinnu. Reynsla viðmælenda okkar í íslensku skólunum var að nemendur af erlendum uppruna byggju við félagslega einangrun og er það í samræmi við niðurstöður rannsóknar Þórodds Bjarnasonar (2006). Í skólunum í rann- sókninni var unnið markvisst að því að gera nemendur hæfari til að lifa og starfa í fjöl- menningarsamfélagi og rjúfa einangrun. Það var m.a. gert með kennsluáferðum sem byggjast á samvinnu og með því að raða nemendum til sætis með það fyrir augum að brjóta niður múra milli hópa.

Skólarnir í rannsókninni fóru allir þá leið að fela ákveðnum aðilum innan skólans að sjá um málaflokkinn. Viðmælendurnir bentu einnig á mikilvægi þess að nemendur gætu leitað til einhvers ákveðins aðila innan skólans með mál er vörðuðu skólagönguna

og veru þeirra í nýju landi. Það er í samræmi við orð Nieto (2010) um mikilvægi þess að nemendur hafi aðgang að ákveðnum aðila innan skólans. Markmiðið hlýtur samt að vera, að allir kennarar skólans séu færir um að kenna öllum nemendum. Hættan við að fela einum aðila að sjá um málaflokkinn er að þekking og reynsla einskorðist við þann aðila. Til að koma í veg fyrir það þarf mikil samvinna að vera milli þeirra sem koma að menntun nemandans.

## Nám og kennsla

Ungir nemendur íslensku skólanna í rannsókninni stunduðu að mestu nám með íslenskum jafnöldrum. Nám í yngstu bekkjum grunnskólans byggist á því að kenna undirstöðuatriði í námsgreinum ásamt kennslu á nánasta umhverfi nemandans. Námsefnið og námsumhverfi þar sem áhersla er á samvinnu og samræður er því mjög hagstætt nemendum sem eru að læra nýtt tungumál og eflir bæði samskiptalega og námslega málfærni þeirra. Þetta getur verið ein skýringin á því að nemendum af erlendum uppruna sem flytjast til Íslands ungir að aldri vegnar betur í skólum en þeim sem koma hingað eldri (Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson, 2007).

Ástæður fyrir því að eldri nemendum vegnar verr hér á landi í skólum en yngri nemendum geta verið margar. Ein ástæðan getur verið að of lengi sé dvalið við samskiptalega málfærni hjá eldri nemendum og huga verði fyrr að námslegri málfærni þeirra, því eins og einn kennarinn í rannsókninni benti á komast nemendur ekki í gegnum framhaldsskóla á samskiptamálinu einu. Önnur ástæða getur verið að skipulag og kennsluhættir á mið- og unglingsstigi stuðli ekki í jafn ríkum mæli að samvinnu og virkni og kennsluhættir á yngsta stigi. Nemendur fá því ekki næg tækifæri til að vinna með innlendum jafnöldrum og þjálfu þannig námslega málfærni sína. Kennararnir í rannsókninni lögðu allir áherslu á mikilvægi þess að byggja upp orðaforða nemenda í námsgreinum. Til að ná þeim markmiðum bentu þeir á að gefa þyrfti nemendum sem flest tækifæri að vinna með innlendum jafnöldrum.

Kennsluaðferðir sem byggjast á samvinnu og samræðum eru mikilvægar að mati viðmælenda. Kennsluaðferðir eru verkfæri kennarans og eiga að stuðla að því að allir nemendur hafi tækifæri til að læra. Samræður og rökræður um álitamál um leið og nemendur voru fræddir um ólíkar hliðar málanna var áberandi kennsluaðferð í enska skólanum. Þar var nemendum hjálpað að sjá og skilja að ólík sjónarhorn, viðmið og menningarleg afstaða hefur áhrif á hvernig þekking er sköpuð (Banks, 2010). Samræður sem kenna nemendum að skoða ólík sjónarhorn, efla gagnrýna hugsun þeirra og kenna þeim rökræðusiði eru mikilvægir þættir í menntun ungs fólks. Þennan þátt þurfa íslenskir skólar að efla. Lýðræðisleg vitund nemenda og geta til að taka þátt í umræðum eru þeir þættir sem samvinna í náminu eflir með nemandanum og eru sérstaklega mikilvægir í fjölmenningsamfélagi (Hanna Ragnarsdóttir, 2007b).

Markmið fjölmenningsarlegrar menntunar er menntunarlegur jöfnuður og þar er nám nemenda grundvallaratriði. Kennslan þarf því að uppfylla þarfir allra í hópnum (Banks, 2010; Nieto, 2010). Kennararnir í rannsókninni höfðu skilning á mikilvægi þess og nýttu sér kennsluaðferðir sem stuðluðu að því. Um leið er nauðsynlegt að



geta breytt út af fyrra skipulagi ef í ljós kemur að skipulag kennslunnar stuðlar ekki að virkni allra nemenda. Kennararnir í rannsókninni höfðu þennan sveigjanleika til að bera.

## Samstarf skólans við foreldra og nærsamfélag

Viðmælendur í rannsókninni voru allir sammála um að skólinn yrði að hafa frumkvæði að samvinnu við foreldra og leita yrði allra leiða til að ná til erlendu foreldranna. Foreldrafélög skólanna unnu einnig ötullega að því að ná til allra foreldra. Það getur verið erfitt verk og tekið langan tíma en raddir allra foreldra þurfa að heyrast í umræðunni í skólasamfélaginu því annars er hætt við að tiltölulega einsleitur hópur tali fyrir hönd foreldra.

Foreldrar sem ekki tala markmálið hafa ekki sama aðgang að upplýsingum er varða börn þeirra og innlendir foreldrar. Ryan (2006) bendir á að umræðan milli foreldra og starfslíðs skóla þurfi að snúast um nám barnanna. Til að þetta geti náð fram að ganga verður að upplýsa foreldra um skólastarfið. Skólarnir í rannsókninni höfðu allir komið sér upp ákveðnu verklagi til að kynna fyrir foreldrum af erlendum uppruna skólastarfið og það sem í boði væri fyrir börn þeirra. Þannig finna foreldrar að skólinn lætur sig þá og börn þeirra varða. Fræðimenn benda á mikilvægi þess að skólinn sinni þessum þætti og til að það takist þurfi samskiptin að mótast af gagnkvæmri virðingu og trausti (Hanna Ragnarsdóttir, 2007a; Nieto, 2010; Wrigley, 2003).

Íslensku skólarnir unnu báðir að því að fá nemendur til að taka þátt í tómsundum, en fram kom að nemendur af erlendum uppruna tækju minni þátt í tómsundum fyrir utan skólann en innlendir jafnaldrar þeirra. Aukin þátttaka í tómsundum minnkar einangrun erlendu nemendanna og er einn liður í að jafna stöðu erlendra og innlendra nemenda.

Sú vitneskja að samband þjóðfélagsstöðu og árangurs sé veikt hér á landi (Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson, 2007) bendir til þess að við séum ekki föst í viðjum stéttaskiptingar hvað varðar námsárangur nemenda. Skólar sem skipuleggja starf sitt og vinna með þarfir allra nemenda að leiðarljósi í samvinnu við foreldra geta náð árangri og stuðlað að velgengni allra nemenda, óháð kyni, uppruna, tungumáli eða menningu.

## Skólarnir í rannsókninni

Ánægjulegt var að sjá hversu margt í starfi skólanna kom heim og saman við það sem fræðimenn segja um farsælt skólastarf.

Skólarnir þrír áttu margt sameiginlegt. Stjórnendur höfðu áhuga á fjölmenningarlegu skólastarfi, áhersla var á sameiginlega framtíðarsýn og endurmenntun sem styður fjölmenningarlegt skólastarf, mikil áhersla á kennslu í markmálinu, kennsluaðferðir sem byggjast á samvinnu, samstarf við foreldra og vinna gegn einelti og fordómum í skólanum voru áberandi þættir í skólunum þremur.

Lamptonskólinn skar sig úr í nokkrum þáttum. Umræður sem kennsluaðferð voru áberandi í kennslustundum þar sem skilningur nemenda á persónum og atburðum

var dýpkaður. Í öllu skipulagi skólastarfsins var unnið að því að brjóta niður múra milli fólks og var trúarbragðafræði meðal annars skyldunámsgrein í skólanum í því skyni. Þar var nemendum kennt að brjóta álitamál til mergjar út frá mismunandi trúar- og lífsskoðunum, koma með rök með og á móti og hafa jafnvægi í rökunum áður en þeir mynduðu sér skoðun. Kennarar röðuðu nemendum til sætis í sama tilgangi. Nemendur af ólíkum uppruna og trú sátu saman og kennslustundir voru brotnar upp með verkefnum sem reyndu á samvinnu nemenda. Það er markmið skólans að ná því besta út úr hverjum nemenda og einn liður í því eru skýrar reglur um skólasókn og skil á heimanámi. Í gögnum um skólann kom fram að fjarvistir nemenda undanfarin ár voru töluvert innan við 2% enda var skólasókn talin skipta miklu máli fyrir nemendur úr þjóðfélagshópum sem standa höllum fæti þar sem gengið er út frá þeirri meginhugmynd að menntun sé lykill að framtíð unga fólksins.

## Tillögur

Hér á eftir verða nokkrar tillögur að áherslum við skipulag fjölmenningslegs skólastarfs kynntar. Þær byggjast á því sem viðmælendur í rannsókninni telja að hafi reynst vel í skólastarfinu og vilja þróa áfram. Mikilvægt er að hafa í huga að til þess að skólastarf verði farsælt þarf skólinn að vera í samvinnu við þá aðila sem koma að lífi og menntun unga fólksins. Það er í samræmi við orð Banks (2010) um að fjölmenningsleg menntun verði að ná til alls samfélagsins. Tillögunum er skipt í þrjá flokka til aðgreiningar.

### Skólinn sem samfélag

- Í fjölmenningslegu skólastarfi snúast gildin um virðingu, jöfnuð og lýðræði.
- Skólastjórnendur leiða starfið og vinna að framtíðarsýn og umbótum með þátttöku allra í skólasamfélaginu.
- Mótað er skipulag um skólastarf með nemendum af erlendum uppruna.
- Endurmenntun í skólanum snýr að því að auka færni kennara í að virkja fjölbreyttan nemendahóp til þátttöku í eigin námi og efla samræður í skólastarfi.
- Gögn um skólana eru notuð við umbætur og umræður um skólastarfið.
- Unnið er gegn fordómum og einelti eftir ákveðnu verklagi.
- Ákveðinn aðili innan skólans heldur utan um mál nemenda af erlendum uppruna.

### Nám og kennsla

- Nám allra nemenda er sameiginlegt verkefni allra í skólanum.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna skólastarfið.
- Nemendur eru fræddir um ólíka menningu og trúarbrögð.
- Nemendur geta leitað til ákveðins aðila innan skólans um aðstoð við námið og annað er tengist veru þeirra í nýju landi.
- Bakgrunnssupplýsingum um nemendur er safnað og námið skipulagt út frá fyrri reynslu og skólagöngu. Nemendum er mætt þar sem þeir eru staddir.
- Stuðlað er að virkri þátttöku erlendra nemenda með kennsluáðferðum þar sem áhersla er á samvinnu og þátttöku.

- Nemendur eru þjálfaðir í að rökræða og draga ályktanir.
- Miklar en sanngjarnar kröfur eru gerðar til nemenda.
- Nemendur af erlendum uppruna fá sem flest tækifæri til að vera í samskiptum við innlenda jafnaldra sína þannig að málfærni þeirra eflist.
- Mikil kennsla er í markmálinu strax frá fyrstu skóladögum nemandans.
- Mikil áhersla er á lestur og lesskilning.
- Nemendum er kenndur orðaforði námsgreina þannig að þeir verði sem fyrst virkir í kennslustundum með jafnöldrum. Því eldri sem nemendur koma, þeim mun meiri áhersla er lögð á þennan þátt.
- Allir kennarar vinna með lykilhugtök og orðaforða námsgreina og nota myndir til að útskýra fyrir nemendum hugtök og námsefni.
- Nemendur eru hvattir til að nota móðurmál sitt. Efni af Netinu á móðurmáli nemenda er nýtt sem stuðningur við námsefnið. Bókasöfn skóla hafa milligöngu um að útvega bækur á móðurmáli nemenda.
- Heimanámsaðstoð er í boði fyrir nemendur af erlendum uppruna.
- Vel er fylgst með framvindu náms og skólasókn hjá nemendum.

#### Samstarf skólans við foreldra og nærsamfélag

- Skólinn hefur frumkvæði að samskiptum við foreldra. Foreldrum er boðið að koma í skólann og fylgst er með að þeir fái tilkynningar um viðburði í skólanum.
- Skólinn hefur milligöngu um fræðslu til foreldra um mál er varða skólastarfið.
- Skólinn kynnir fyrir foreldrum tómstundatilboð og annað sem er í boði fyrir ungt fólk í nærsamfélaginu.
- Skólinn býður upp á túlkþjónustu.
- Skólinn hefur samvinnu við foreldrafélag skólans um að vinna að þátttöku erlendra foreldra í starfi félagsins.
- Skólinn kynnir fyrir foreldrum, foreldrafélagi og aðilum utan skóla sem sjá um tómstundir fyrir ungt fólk verklag sitt gegn einelti og fordómum.

## LOKAORÐ

Það er von okkar að þær tillögur sem hér hafa verið settar fram gagnist skólum sem ekki hafa jafn mikla reynslu af fjölmennningarlegu skólastarfi og viðmælendur í rannsókninni. Markmið fjölmennningarlegrar menntunar er menntunarlegur jöfnuður. Það liggur í eðli slíkra markmiða að þeim verður aldrei náð í eitt skipti fyrir öll heldur verður að vinna stöðugt að framgangi þeirra. Því er rétt að taka fram að ekki er hægt að nota tillögurnar hér að framan sem gátlista heldur er um að ræða lýsingu á skólastarfi. Ekki er hægt að merkja við vissan fjölda atriða og ætla að skólastarfið sé þannig orðið fjölmennningarlegt heldur þurfa atriðin að ganga eins og rauður þráður í gegnum allt skólastarfið.

## ATHUGASEMDIR

Greinin er byggð á meistaraverkefni Guðlaugar Ólafsdóttur til M.Ed.-gráðu í menntunarfræðum við Háskóla Íslands 2011. Leiðbeinendur voru Hanna Ragnarsdóttir og Börkur Hansen.

- 1 Til að fá upplýsingar um þennan þátt varð að komast í frumgögn og þau voru ekki aðgengileg. *Rannsóknir og greining*, sem unnu rannsóknina, bentu á að tala við Gísla Árna Eggertsson hjá Reykjavíkurborg þar sem hann væri að vinna úr þessum þætti. Almennt reyndist mjög erfitt að fá upplýsingar um tómskundaiðkun nemenda af erlendum uppruna á Íslandi því skráningar eru misvísandi.

## HEIMILDIR

- Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson. (2007). *Færni og þekking nemenda við lok grunnskóla: Helstu niðurstöður PISA 2006 í náttúrufræði, stærðfræði og lesskilningi*. Sótt 21. febrúar 2010 af [http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa/PISA2006\\_ISL.pdf](http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa/PISA2006_ISL.pdf).
- Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson, Óskar H. Níelsson, og Júlíus K. Björnsson. (2010). *Íslenskir nemendur við lok grunnskólans: Helstu niðurstöður PISA 2009 rannsóknarinnar um lesskilning og læsi í stærðfræði og náttúrufræði*. Sótt 19. febrúar 2011 af [http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/PISA\\_2009/pisa\\_2009\\_island.pdf](http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/PISA_2009/pisa_2009_island.pdf).
- Austurbæjarskóli. (2010). *Austurbæjarskóli*. Sótt 20. apríl 2010 af <http://austurbajarskoli.is/>.
- Banks, J. A. (2010). Multicultural education: Characteristics and goals. Í J. A. Banks og C. A. M. Banks (ritstjórar), *Multicultural education: Issues and perspectives* (7. útgáfa, bls. 3–30). Hoboken: Wiley.
- Birna Arnbjörnsdóttir. (2007). Kenningar um tileinkun og nám annars máls og erlendra mála. Í Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir (ritstjórar), *Mál málanna: Um nám og kennslu erlendra tungumála* (bls.13–47). Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.
- Bogdan, R. C. og Biklen, S. K. (1992). *Qualitative research for education: An introduction to theory and methods* (2. útgáfa). Boston: Allyn & Bacon.
- Brooker, L. (2002). *Starting school: Young children learning cultures*. Buckingham: Open University Press.
- Börkur Hansen. (2003). Stofnanamenning og stjórnun. Í Börkur Hansen, Ólafur H. Jóhannsson og Steinunn Helga Lárusdóttir (ritstjórar), *Fagmennska og forysta: Þættir í skólastjórnun* (bls. 49–61). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Cummins, J. (2005). Language proficiency, bilingualism, and academic achievement. Í P. A. Richard-Amato og M. A. Snow (ritstjórar), *Academic success for English language learners: Strategies for K-12 mainstream teachers* (bls. 76–86). White Plains: Pearson Education.
- Delpit, L. (1995). *Other people's children: Cultural conflict in the classroom*. New York: The New Press.

- Fellaskóli. (2010). *Fellaskóli Reykjavík*. Sótt 5. maí 2010 af <http://fellaskoli.is/>.
- Flick, U. (2006). *An introduction to qualitative research* (3. útgáfa). London: Sage.
- Fræðslumiðstöð Reykjavíkur. (2000). *Stefna í málefnum barna með íslensku sem annað tungumál í grunnskólum Reykjavíkur. Tillögur starfshóps frá árinu 2000*. Sótt þann 27. desember 2011 á [http://reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/Skola\\_og\\_fristundasvid/Stefna\\_Born\\_Annad\\_modurmal.pdf](http://reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/Skola_og_fristundasvid/Stefna_Born_Annad_modurmal.pdf).
- Fræðslumiðstöð Reykjavíkur. (2004). *Ársskýrsla Fræðslumála í Reykjavík 2003*. Sótt 27. desember 2011 af [http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf\\_skjol/arsskyrslur/arsskyrslur\\_grunnskolar/ArsskyrslaFraedsluMidstodvar2003\(8\).pdf](http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf_skjol/arsskyrslur/arsskyrslur_grunnskolar/ArsskyrslaFraedsluMidstodvar2003(8).pdf).
- Gunnar E. Finnbogason. (2004). Með gildum skal land byggja – gildagrunnur skólans. *Uppeldi og menntun*, 13(2), 169–184.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2007a). Börn og fjölskyldur í fjölmennningarlegu samfélagi og skólum. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmennning á Íslandi* (bls. 249–270). Reykjavík: Rannsóknastofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2007b). Grunnildir skólustarfs í fjölmenningsamfélagi. *Uppeldi og menntun*, 16(1), 109–112.
- Helga Jónsdóttir. (2003). Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 67–84). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Hernandez, D. J. (2004). Children and youth in immigrant families: Demographic, social, and educational issues. Í J. A. Banks og C. A. M. Banks (ritstjórar), *Handbook of research on multicultural education* (2. útgáfa, bls. 404–419). San Fransisco: Jossey-Bass.
- Kvale, S. (2007). *Doing interviews*. London: Sage.
- Lampton School. (2010). *Lampton School*. Sótt 10. júní 2010 af <http://www.lampton.hounslow.sch.uk/content/home>.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Margrét L. Guðmundsdóttir, Álfgeir L. Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2009). *Ungt fólk 2009: 8., 9. og 10. bekkur: Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn ungmenna á Íslandi*. Sótt 22. júlí 2010 af <http://www.rannsoknir.is/media/rg/skjol/Ungt-folk-8.-10.-bekkur-2009.pdf>.
- Menntamálaráðuneytið. (2006). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntasvið Reykjavíkurborgar. (2009). *Ársskýrsla Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2008*. Sótt 27. desember 2011 af [http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/Skola\\_og\\_fristundasvid/\\_rsskyrsla\\_menntasvids\\_2008.pdf](http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/Skola_og_fristundasvid/_rsskyrsla_menntasvids_2008.pdf).
- Nieto, S. (2010). *The light in their eyes: Creating multicultural learning communities* (10 ára afmælisútgáfa). New York: Teachers College Press.
- Nieto, S. og Bode, P. (2010). School reform and student learning: A multicultural perspective. Í J. A. Banks og C. A. M. Banks (ritstjórar), *Multicultural education: Issues and perspectives* (7. útgáfa, bls. 395–415). Hoboken: Wiley.

- Ólafur H. Jóhannsson. (2003). Framtíðarsýn og forysta stjórnenda. Í Börkur Hansen, Ólafur H. Jóhannsson og Steinunn Helga Lárusdóttir (ritstjórar), *Fagmennska og forysta: Þættir í skólastjórnun* (bls. 63–80). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Rumbaut, R. G. og Portes, A. (2001). Introduction – Ethnogenesis: Coming of age in immigrant America. Í R. G. Rumbaut og A. Portes (ritstjórar), *Ethnicities: Children of immigrants in America* (bls. 1–19). Berkeley: University of California Press.
- Rúnar Helgi Andrason. (2003). Tilfellarannsóknir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 281–293). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Ryan, J. (2006). *Inclusive leadership*. San Francisco: Jossey-Bass.
- Wrigley, T. (2000). *The power to learn: Stories of success in the education of Asian and other bilingual pupils*. Stoke on Trent: Trentham Books.
- Wrigley, T. (2003). *Schools of hope: A new agenda for school improvement*. Stoke on Trent: Trentham Books.
- Póroddur Bjarnason. (2006). Aðstæður íslenskra skólanema af erlendum uppruna. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VII: Félagsvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2006* (bls. 391–400). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

*Greinin barst tímaritinu 2. maí 2011 og var samþykkt til birtingar 3. janúar 2012*

## UM HÖFUNDANA

*Guðlaug Ólafsdóttir* (gudlaug.olafsdottir@reykjavik.is) er kennari og deildarstjóri við Breiðagerðisskóla í Reykjavík. Hún lauk B.Ed.-prófi frá Kennaraháskóla Íslands 1977, með íslensku og samfélagsfræði sem valgreinar, og M.Ed.-prófi frá Háskóla Íslands, uppeldis- og menntunarfræðideild, með áherslu á fjölmenningu, vorið 2011. Megináhugasvið hennar eru fjölmenningarlegir kennsluhættir og skólaþróun.

*Hanna Ragnarsdóttir* (hannar@hi.is) er dósent í fjölmenningarfræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk B.A.-prófi í mannfræði og sagnfræði frá Háskóla Íslands árið 1984, M.Sc.-prófi í mannfræði frá London School of Economics and Political Science árið 1986 og Dr.philos.-prófi í menntunarfræðum frá Háskólanum í Ósló árið 2007. Rannsóknir Hönnu hafa einkum snúist um börn og fullorðna af erlendum uppruna í íslensku samfélagi og skólum og ýmsa þætti fjölmenningarlegs skólastarfs.

*Börkur Hansen* (borkur@hi.is) er prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann lauk B.A.-prófi í uppeldis- og sálfræði frá Háskóla Íslands árið 1982, meistara-prófi frá Háskólanum í Alberta í stjórnun menntastofnana 1984 og doktorsprófi frá sama skóla 1987. Rannsóknir hans hafa einkum snúist um skólastjórnun, skólaþróun og stjórnskipulag skóla.



## *What can we learn from successful multicultural teaching practices in three compulsory schools?*

### **ABSTRACT**

In recent years, the number of immigrant students has increased considerably in compulsory schools in Iceland. Research shows that the achievement of these students on comprehensive national examinations is relatively low (Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson, Óskar H. Nielsson and Júlíus K. Björnsson, 2010). It is accordingly of interest to examine successful multicultural schools, i.e. their values, teaching emphasis and structure. What are the major factors in multicultural schools that contribute the most to helping all students to function effectively?

Multicultural education incorporates the idea that all students, regardless of their gender, language and social class and their ethnic, religious, racial, or cultural characteristics, should experience educational equality. Scholars claim that students can best achieve control of their lives and situation if the school environment is characterised by democracy and empowerment. Culturally responsive pedagogy is also claimed to be necessary in empowering diverse students (Banks, 2010; Nieto, 2010).

Data was collected from three schools, two in the capital Reykjavik, Iceland, and one in London, England. Immigrant students were in large numbers in all these schools and the schools had all developed effective working procedures to meet their needs. The ratio of the immigrant students was 20%, 40% and 80% in the schools. A number of teachers in all these schools were interviewed, as well as school managers. In all cases school managers were interviewed first – one manager at each school. They were asked to suggest teachers to interview, i.e. teachers with considerable experience at their schools in working with immigrant students. Thirteen teachers were interviewed. Home pages and other written documents were also examined from all the schools. The data collection took place April to June 2010. In the data collection, an emphasis was placed on trying to discover what contributed the most to helping the immigrant students to function effectively.

The findings show that all the schools have evolved a specific strategy for working with immigrant students. All the schools have developed clear visions and structures concerning teaching and learning, with the values of respect, equity and democracy as the guiding elements. In all the schools, key administrators showed great ambitions for multicultural education. They were all up to date in research on multicultural education and developed and adjusted the working procedures in their schools accordingly. In all the schools, support for teachers concerning multicultural work was a strategic part of their in-service plans. In each school, one or more selected teachers were responsible for the multicultural programme at their school.

Teaching strategies were based on collaboration and pedagogical conversations in all the schools, i.e. all the students were taught the importance of confronting critical issues with discussions. Generally, teachers kept good records of students' academic

work and made demands concerning academic achievement. They also maintained good relations with their students. Mastering the “new language” was considered the key for success in all the schools and “the language” comprised a significant aspect of the curriculum. The emphasis was both on interpersonal communication skills, as well as enhancing academic proficiency.

The immigrant students in all the schools received instruction in a variety of subjects, resulting in active participation with their school peers. They were also assisted with their homework and were strategically placed in their classrooms in order to avoid the isolation of certain students. All the managers and the teachers took a very determined standpoint against prejudice and bullying in their schools. In all cases there was a detailed process for dealing with such problems. Teaching religious studies was considered a significant tool for sensitizing students to the various religions, and to diverse beliefs.

The schools were all proactive in communicating with parents and considered cooperating with them an important element for success. The parents’ associations provided active support in all the schools. In one of the schools, parents wanted to receive guidance on how to assist their children with their studies. The two Icelandic schools offered specific courses for parents concerning their support role as well as leisure and sport activities available to students. These courses were offered in several languages. None of the schools offered lessons in the students’ mother tongue, but parents were encouraged to talk to their children at home, read to them, and teach them in their mother tongue.

*Keywords:* Multicultural education, school structure, equity, empowerment

## ABOUT THE AUTHORS

*Gudlaug Olafsdottir* (gudlaug.olafsdottir@reykjavik.is) is a teacher and a head of department in Breidagerdissskóli, a primary school in Reykjavik. She completed a B.Ed. degree from the Iceland University of Education in 1977, with emphasis on Icelandic, history and social studies and an M.Ed. degree at the University of Iceland, School of Education in spring 2011, with emphasis on multicultural education. Her major interests are in multicultural education and school reform.

*Hanna Ragnarsdottir* (hannar@hi.is) is an associate professor at the University of Iceland, School of Education. She completed a B.A. degree in anthropology and history from the University of Iceland in 1984, an M.Sc. degree in anthropology from the London School of Economics and Political Science in 1986 and a Dr.philos. in education from the University of Oslo in 2007. Her research has mainly focused on immigrant children and families in Icelandic society and schools and various aspects of multicultural education and school reform.

*Borkur Hansen* (borkur@hi.is) is a professor at the University of Iceland, School of Education. He finished a B.A. degree in education and psychology from the University of Iceland in 1982, an M.Ed. degree in 1984 and a Ph.D. degree in 1987, both from the University of Alberta. His major research interests are in the area of leadership, school management, school development and educational governance.